



Skúli Skúlason
formaður faghóps 1
í 3. áfanga rammaáætlunar



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri 1. mars 2016

UST201602-176/H.V.

09.04.03

Umsögn um gæði gagna um landslag og víðerni

Vísað er til erindis Skúla Skúlasonar, formanns faghóps 1 í 3. áfanga rammaáætlunar, dags. 12. febrúar 2016, þar sem faghópur 1 í 3. hluta rammaáætlunar óskar umsagnar Umhverfisstofnunar um gæði gagna um landslag og víðerni varðandi virkjunarkosti sem faghópurinn hefur tekið til umfjöllunar. Í tengslum við umsagnarbeiðnina var vísað til framlagðs efnis, kynningar og um umræðna á fundi fulltrúa faghópsins með fulltrúum Umhverfisstofnunar þann 9. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun þakkar kynningu á þeim gögnum sem faghópurinn notaðist við í mati sínu á virkjunarkostum og fagnar því að ráðist hafi verið í jafn umfangsmiklar rannsóknir á landslagi og víðerni og fram kom í kynningu fulltrúa faghópsins.

Umhverfisstofnun vill benda á að gæta þarf þess að yfirfæra ekki viðmið um líffræðilega fjölbreytni og skynmat fugurðar yfir á svæði sem búa yfir öðrum eiginleikum eins og hálandi Íslands. Hálandi Íslands býr yfir öðrum eiginleikum sem vart geta flokkast undir fjölbreytni eða tegundaauðgi og felst sérstaða þeirra svæða einmitt í því. Gæta þarf þess að yfirfæra ekki viðmið sem eiga við láglendi yfir á hálandi Íslands sem gæti þá orsakað það að hálandissvæði hlytu lægri einkunn en svæði á láglendi á þeim forsendum.

Virðingarfullst

Áóalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri